



Málstofa um helstu álitamál í tengslum við menntamál innflytjenda, stöðuna og mikilvægar aðgerðir



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Málefni til umræðu á Hringþingi 2012

1. Almenn stefnumótun stjórnvalda, lagarammi og aðalnámskrár	3
2. Íslenska sem annað tungumál í grunn- og framhaldsskólum	4
3. Kennsla í íslensku sem öðru tungumáli í grunn- og framhaldsskólum	5
4. Móðurmál og íslenska sem annað tungumál í leikskólum	6
5. Brottfall nemenda af erlendum uppruna úr framhaldsskólum.....	7
6. Móðurmálskennsla fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku.....	8
7. Mat og viðurkenning á móðurmáli í grunn- og framhaldsskólum.....	9
8. Trúmál í skólum	10
9. Trúarbragðafræðsla í grunn- og framhaldsskólum og viðurkenning á trúarlegum fjölbreytileika	11
10. Fjölmenningarleg fræðsla og aðgerðir gegn fordómum og misrétti í skólum	12
11. Foreldrasamstarf, túlkapjónusta og upplýsingagjöf.....	13
12. Lýðræði og jafnrétti í skólastarfi, skóli margbreytileikans.....	14
13. Fagmennska stjórnenda og starfsfólks skóla	15
14. Framhaldsnám stundað samtímis í fleiri en einum framhaldsskóla.....	16
15. Kennsluráðgjöf við leik-, grunn- og framhaldsskóla.....	17
16. Námsráðgjöf í grunnskólum, sérstaklega vegna framhaldsskólanáms og innritunar í framhaldsskóla.....	18
17. Fræðsluskylda til 18 ára aldurs – námsframboð í framhaldsskólum	19
18. Menntun atvinnulausra innflytjenda.....	20
19. Staða og flokkun kennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku í menntakerfinu	21
20. Íslenskupróf vegna ríkisborgararéttar, mismunandi möguleikar miðað við uppruna, skyldleika tungumála við íslensku og undirbúning	22
21. Fullorðinsfræðsla innflytjenda almennt.....	23
22. Menntun fullorðinna innflytjenda með takmarkaða menntun að baki, bæði almenn menntun og nám í íslensku.....	24
23. Símenntun fyrir kennara á öllum skólastigum vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku.....	25
24. Grunnmenntun kennara vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku.....	26
25. Sérfræðipjónusta fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku	27
26. Þátttaka ríkisins og atvinnurekenda í kostnaði við íslenskukennslu fullorðinna.....	28
27. Íslenska fyrir útlendinga á fullorðinsaldri- námskrár í grunnnámi og framhaldsnámi	29
28. Mat á prófgráðum og starfsreynslu til starfsréttinda og starfa.....	30
29. Hlutverk Fjölmenningarseturs í menntun innflytjenda.....	31

1. Almenn stefnumótun stjórnvalda, lagarammi og aðalnámskrár

Hvernig er skólasamfélagið á öllum skólastigum í stakk búið til að mæta þörfum innflytjenda í námi? Er munur milli skólastiga og ef svo er í hverju er hann fólgin? Hvernig hafa stjórnvöld sinnt ábyrgð sinni í mótun náms og kennslu innflytjenda á öllum skólastigum, allt frá leikskóla til framhaldsfræðslu. Er kennaramenntun að undirbúa kennara til að sinna þessum málaflökki?

Miklar breytingar hafa orðið á íslensku samfélagi á undanförunum áratugum og íslenska samfélagið hefur færst í átt til fjölmenningar á sama tíma. Stjórnvöld hafa endurskoðað lagaramma um öll skólastig á undanförunum árum, nýjar aðalnámskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla komu út árið 2011 og innleiðing nýrrar menntastefnu stendur nú sem hæst með margvíslegum aðgerðum á öllum skólastigum.

Spyrja má hvort einhverjir veikleikar séu sjáanlegir í stefnumótun og þá hverjir helstir, þarf að endurskoða lagarammann um menntakerfið, reglugerðir, aðalnámskrár eða aðrar stjórnvaldsskipanir? Óskað er eftir að þátttakendur í þessum hópi komi með ábendingar um almenna veikleika í stefnumótun og komi með nokkrar tillögur um raunhæfar aðgerðir til umbóta.

2. Íslenska sem annað tungumál í grunn- og framhaldsskólum

Hvernig tryggjum við aðgang allra sem á því þurfa að halda að fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli og hvernig tryggjum við að námsgögn séu við hæfi?

ECRI (Evrópunefnd gegn kynþáttafordómum og umburðarleysi) mælir með því að stjórnvöld tryggi öllum nemendum sem þess þurfa og stunda nám í íslensku sem öðru tungumáli á framhaldsskólastigi viðeigandi námsgögn.

Í þriðju skýrslu sinni mælti ECRI með því að íslensk stjórnvöld byðu nemendum, sem eru með annað móðurmál en íslensku, upp á aukin tækifæri til að læra íslensku sem annað tungumál á öllum skólastigum, einkum á framhaldsskólastigi. Samhliða því hvatti ECRI íslensk stjórnvöld til að bjóða nemendum sem eru með annað móðurmál en íslensku upp á aukna kennslu í sínu eigin tungumáli.

Í lögum um grunnskóla (16. gr.) og lögum um framhaldsskóla (35. gr.) er kveðið á um móttökuáætlanir fyrir nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku og rétt þeirra til að hljóta kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Í reglugerð nr. 654/2009, þar sem kveðið er á um að kennsla í íslensku sem öðru tungumáli skuli teljast sérstök námsgrein, er enn fremur mælt fyrir um nauðsyn þess að mæta þörfum nemenda sem hafa annað móðurmál en íslensku, m.a. með túlkapjónustu, þýðingum og stuðningi af öðru tagi.

Það er afar mikilvægt að nemendur með annað mál en íslensku þrói með sér læsi, lestur og ritun, líkt og lagt er til um aðra nemendur. Það er og brýnt að þeir fylgi skólafélögum í námi í öðrum greinum skólans, svo sem kostur er. Íslenskunámið, og þar með talið læsi ætti að vera samtvinnað námi á ýmsum námssviðum

3. Kennsla í íslensku sem öðru tungumáli í grunn- og framhaldsskólum

Hvernig er æskilegast að skipuleggja og móta kennslu í íslensku sem öðru tungumáli á öllum skólastigum? Hvernig ætti að undirbúa kennara undir kennslu í íslensku sem öðru tungumáli?

ECRI (Evrópunefnd gegn kynþáttafordómum og umburðarleysi) leggur til að þjálfun í kennslu íslensku sem annars tungumáls verð veitt á háskólastigi sem og að þeir kennarar sem þegar stunda slíka kennslu fái þjálfun í því.

Nemendur með annað móðurmál eiga rétt á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli í grunn- og framhaldsskólum. Með kennslunni á að stefna að virku tvítyngi þessara nemenda og að þeir geti stundað nám í grunn- og framhaldsskólum og tekið virkan þátt í íslensku samfélagi. Þessi námsgrein hefur hér á landi þróast á báðum skólastigum á undanförunum árum en árið 1999 var í fyrsta sinn kveðið á um slíka kennslu í aðalnámskrá grunn- og framhaldsskóla. Unnið er að endurskoðun á aðalnámskrá grunnskóla þar sem áfram er kveðið á um íslensku sem annað tungumál, en ekki verður gefin út miðlæg aðalnámskrá fyrir framhaldsskóla og er það í samræmi við ákvæði um sjálfstæði framhaldsskóla að þróa námsframboð. Hvað þarf helst að hafa í huga við frekari uppbyggingu og þróun íslensku sem annars tungumáls á næstu árum í ljósi reynslunnar og hvers konar grunn- og endurmenntun kennara er æskilegust?

4. Móðurmál og íslenska sem annað tungumál í leikskólum

Hvernig er rétt að vinna með móðurmál og íslensku sem annað tungumál í leikskólastarfinu. Hvernig er hægt að nýta þekkingu erlends starfsfólks leikskóla við þetta verkefni?

Margir leikskólar velta fyrir sér hvaða aðferðum eigi að beita til að kenna íslensku sem annað mál. Þá kemur oft upp í umræðunni hvort og þá hvernig leikskólinn ætti að vinna með móðurmál barnanna sem þar eru. Við þetta bætast áleitnar spurningar um það hvort starfsfólk leikskóla með annað móðurmál en íslensku ætti að nýta þá þekkingu sína í vinnu með börnunum og hvort leggja eigi áherslu á markvissa móðurmálsörvun/kennslu leikskólabarna með annað móðurmál en íslensku.

Það er talinn ávinningur fyrir sérhvern einstakling að hafa vald á mörgum tungumálum og fjöltyngdir einstaklingar eru afar verðmætir fyrir samfélagið. Þegar fjölskyldur flytjast milli landa er auðveldara fyrir þær að halda tengslum við heimaland sitt ef þær viðhalda móðurmálinu. Börn í slíkum fjölskyldum geta betur skilið og tileinkað sér menningararf foreldranna ef þau kunna móðurmál þeirra. Sterkt móðurmál er ekki einungis mikilvægt fyrir samskiptin í fjölskyldunni það auðveldar líka börnum að tileinka sér íslensku sem annað tungumál en fjölmargar rannsóknir hafa sýnt fram á að góður grunnur í móðurmáli er grundvallaratriði í máltöku annars máls. Fyrir tvítyngd og fjöltyngd börn skiptir miklu máli að búa við ríkt málumhverfi á báðum (öllum) tungumálunum og öðlast tækifæri til þess að þroska og þróa málvitund sína og færni í samskiptum jafnt og þétt.

Í Barnasáttmálanum er kveðið á um rétt barna til að varðveita og viðhalda tungumáli sínu. Í 2. gr. laga um leikskóla segir að rækta beri hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta. Við þetta má bæta að í skýrslu sinni mælir ECRI (Evrópunefnd gegn kynþáttafordómum og umburðarleysi) með því að íslensk stjórnvöld bjóði nemendum, sem eru með annað móðurmál en íslensku, upp á aukin tækifæri til að læra íslensku sem annað tungumál á öllum skólastigum. Samhliða því hvatti ECRI íslensk stjórnvöld til að bjóða nemendum sem eru með annað móðurmál en íslensku upp á aukna kennslu í sínu eigin tungumáli.

5. Brottfall nemenda af erlendum uppruna úr framhaldsskólum

Með hvaða hætti er hægt að draga úr brottfalli nemenda af erlendum uppruna úr framhaldsskólum og hvetja þá til að halda áfram námi að loknum grunnskóla?

ECRI (Evrópunefnd gegn kynþáttafordómum og umburðarleysi) mælir eindregið með því að stjórnvöld haldi áfram aðgerðum sem miða að því að draga úr brottfalli nemenda af erlendum uppruna og hvetja þá til að halda áfram námi á framhaldsskólastigi.

Í þriðju skýrslu sinni hvatti ECRI íslensk stjórnvöld til að halda áfram aðgerðum til að taka á þeim erfiðleikum sem nemendur af erlendum uppruna eiga við að etja á framhaldsskólastigi, þ.á.m. óeðlilegu háu brottfalli þeirra úr námi. ECRI mælti með því að íslensk stjórnvöld tæku upp eftirlit og réðust í rannsóknir sem gerðu þeim kleift að greina vandamál sem nemendur af erlendum uppruna glíma við í skóla og að meta skilvirkni aðgerða sem gripið er til í þeim tilgangi að bregðast við slíkum vandamálum.

Samkvæmt tölum frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu hefja 4% Íslendinga sem eru 16 ára og eldri ekki nám í framhaldsskóla. Sama hlutfall hjá innflytjendum er nú 20%, og hefur lækkað úr 28%. Bilið er þó enn of stórt og gera þarf meira til að hvetja nemendur af erlendum uppruna til að halda áfram námi og ljúka stúdentsprófi eða öðlast starfsréttindi.

6. Móðurmálskennsla fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku

Hvaða möguleikar eru raunhæfir til að auka móðurmálskennslu fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku á öllum skólastigum? Hversu mikilvæg er móðurmálskennsla fyrir þessa nemendur? Hvernig geta skólar unnið saman að þessu verkefni? Hvernig má virkja foreldra og nýta þekkingu þeirra?

Í þriðju skýrslu sinni hvatti ECRI (Evrópunefnd gegn kynþáttafordómum og umburðarleysi) íslensk stjórnvöld til að bjóða nemendum sem eru með annað móðurmál en íslensku upp á aukna kennslu í sínu eigin tungumáli.

Að því er varðar móðurmálskennslu er í lögum um grunn- og framhaldsskóla miðað við að nemendur með annað móðurmál en íslensku fái tækifæri til að viðhalda móðurmáli sínu sem valgrein í fjarnámi eða með öðrum hætti. Því má segja að þótt ekki sé kveðið með beinum hætti á um móðurmálskennslu er a.m.k. gert ráð fyrir henni.

Stefna skal að virku tvítyngi nemenda með annað móðurmál en íslensku í íslensku skólakerfi. Hvatt er til móðurmálskennslu, t.d. með því að nýta tölvu- og upplýsingatækni og samstarf við foreldra til að viðhalda og rækta móðurmálið. Víða er haldið uppi móðurmálskennslu utan grunnskóla af félagum og samtökum. Boðið hefur verið upp á móðurmálskennslu á netinu og hefur Tungumálatorgið í auknum mæli komið að þróun á þessu sviði. Ekki eru sérstök lagaákvæði um móðurmálskennslu fyrir nemendur af erlendum uppruna, en samkvæmt könnun sem var gerð fyrir nokkrum árum fær tæplega helmingur nemenda af erlendum uppruna einhverja móðurmálskennslu á vegum grunnskóla. Ekki er vitað um stöðu þessara mála í framhaldsskólum en þar er boðið upp á nám í mörgum tungumálum. Hvernig er hægt að útfæra betur þessa kennslu, samhæfa hana í samstarfi við foreldra og jafnframt nýta betur tölvu – og samskiptatækni í því skyni? Hvaða mögulegar leiðir eru til sem eru viðráðanlegar fjárhagslega?

7. Mat og viðurkenning á móðurmáli í grunn- og framhaldsskólum

Með hvaða hætti getum við í menntakerfinu metið á sanngjarnan hátt kunnáttu nemenda í eigin móðurmáli? Hvernig er hægt að móta með nemendum virðingu þeirra fyrir eigin móðurmáli? Hvaða leiðir eru færar til að meta nám nemenda í eigin móðurmáli sem stundað er utan grunn- og framhaldsskóla? Hvers konar viðmið þarf í þeim efnum? Hvað þurfa stjórnvöld að gera?

Í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna kemur fram að aðildarríki eru sammála um að menntun barns skuli m.a. beinast að því að móta með því virðingu fyrir foreldrum þess, menningarlegri arfleifð þess, tungu og gildismati, þjóðernislegum gildum þess lands er það býr í og þess er það kann að vera upprunið frá, og fyrir öðrum menningarháttum sem frábrugðin eru menningu þess sjálfs. Í aðalnámskrám grunn- og framhaldsskóla er fjallað um mat á móðurmáli nemenda og lagðar línur um að slíkt sé æskilegt. Einnig eru ákvæði í aðalnámskrám grunn- og framhaldsskólum að heimilt er að veita nemendum með annað móðurmál en íslensku undanþágu frá námi í tiltekinni námsgrein og þar er getið sérstaklega um dönsku fyrir þann nemendahóp. Slík undanþága sem veitt er í grunnskóla gildir einnig í framhaldsskólum. Hvernig er hægt að nýta þetta ákvæði til að efla stöðu móðurmáls nemenda af erlendum uppruna.

Í grunnskólum er skólastjórum heimilt samkvæmt lögum að viðurkenna nám sem stundað er utan grunnskóla sem jafngildi grunnskólanáms eða hæfni sem nemandi býr yfir allt frá upphafi til loka grunnskóla. Sem dæmi um þetta má nefna að viðurkenna hæfni nemenda með annað móðurmál en íslensku í móðurmáli, hæfni íslenskra nemenda í öðrum erlendum málum í stað ensku og dönsku og nám við málaskóla. Grunnskólum er heimilt að viðurkenna kunnáttu í eigin móðurmáli sem hluta af skyldunámi er komi í stað skyldunáms í erlendu tungumáli. Í framhaldsskólum eru sambærileg ákvæði sem byggja á hugmyndum um stöðumat í tungumálinu. Á vegum félagsins Móðurmáls er haldið uppi kennslu í þó nokkrum tungumálum fyrir nemendur af erlendum uppruna. Með hvaða hætti er hægt að efla þessa starfsemi og auka skilvirkni og jafnræði í mati á slíku námi sem hluta af skyldunámi eða valgreinum við grunnskóla eða sem hluta af námi í framhaldsskóla? Er eitthvað sérstakt sem stjórnvöld þyrftu að gera í þessu sambandi.

8. Trúmál í skólum

Hvernig er rétt að vinna með trúmál í skólastarfi bæði í þeim skólum þar sem um er að ræða fjölbreyttan hóp nemenda með ólíkan trúarlegan bakgrunn enn einnig í þeim tilfellum þegar um einsleitan hóp er að ræða? Hvernig á samstarf skóla og trúfélaga að vera í því skyni?

Margir skólar velta því fyrir sér hvort og þá hvernig eigi að vinna með fjölbreytta trú í skólastarfinu. Þá vakna iðulega upp spurningar um það hvernig skuli háttað samstarfi skóla og kirkju (eða annarra trúfélaga) og hvernig slíkt samstarf skuli skipulagt.

Skólar á Íslandi eru fyrir öll börn óháð uppruna, menningar og trú. Í Aðalnámskrá leikskóla segir að leikskólastarf skuli byggjast á jafnrétti og virðingu fyrir margbreytileika mannlífsins auk þess sem leikskólinn á að stuðla að því að börn þrói með sér jákvæða sjálfsmynd þar sem sérstaða þeirra og sjónarmið eru virt. Í Aðalnámskrá grunnskóla segir að í grunnskóla eigi að efla vitund um íslenska menningu og virðingu fyrir menningu annara þjóða.

Í 65. gr. stjórnarskrár Íslands og 2. gr. Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna, er kveðið á um jafnræðisregluna sem á að koma í veg fyrir að einstaklingum sé mismunað á nokkurn hátt m.a. á grundvelli trúar og bakgrunns auk þess sem í 30. gr. Barnasáttmálans eru viðurkennd réttindi barna sem tilheyra hópum minnihluta til að njóta eigin menningar og játa og iðka eigin trú.

Í nýjustu skýrslu ECRI (Evrópunefnd gegn kynþáttafordómum og umburðarleysi) á Íslandi er því veitt athygli að viðburðir sem tengjast kristinni trú, á borð við kirkjuheimsóknir og ferðir sem hafa trúarlegan tilgang fari stundum fram á skólatíma og þeim börnum sem ekki taki þátt finnist þau oft litin hornauga. Þá telur ECRI að menntun og fræðsla um fjölbreytileika mannlífs geti komið að mikilvægu gagni í baráttunni gegn kynþáttafordómum og umburðarleysi og að börn ættu að eiga kost á að fræðast um mismunandi trúarbrögð, einkum þau sem eru iðkuð í landinu af hinum ýmsu hópum innflytjenda.

9. Trúarbragðafræðsla í grunn- og framhaldsskólum og viðurkenning á trúarlegum fjölbreytileika

Hvaða aðgerðir eru taldar nauðsynlegar til að tryggja að trúarlegur fjölbreytileiki íslensks samfélags verði viðurkenndur og njóti virðingar í trúarbragðakennslu í skólum?

ECRI (Evrópunefnd gegn kynþáttafordómum og umburðarleysi) hvetur stjórnvöld til að tryggja að trúarlegur fjölbreytileiki íslensks samfélags verði viðurkenndur og njóti virðingar í trúarbragðakennslu í skólum. Einnig ættu þau að íhuga að bjóða nemendum sem ekki vilja sækja trúarbragðakennslu upp á valkosti samkvæmt reglum þar um svo þeir finni ekki fyrir skömm eða hafi það á tilfinningunni að þeir séu skildir útundan.

Í þriðju skýrslu sinni ítrekaði ECRI tilmæli sín um að íslensk stjórnvöld gerðu ráðstafanir til að tryggja að börnum, sem vildu ekki sækja kennslu í „kristnum fræðum, siðfræði og trúarbragðafræði“, stæðu til boða önnur kennsla í staðinn og að stjórnvöld myndu sjá til þess að börnum yrðu veitt raunveruleg tækifæri til að fræðast um mismunandi trúarbrögð. ECRI lagði áherslu á mikilvægi þess að sérhverjar ráðstafanir sem gerðar yrðu í þessu sambandi endurspegluðust í vali og þjálfun kennara sem og námsgögnum.

ECRI telur að menntun geti komið að mikilvægu gagni í baráttunni gegn kynþáttafordómum og umburðarleysi með fræðslu um fjölbreytileika mannlífs. Börn ættu að eiga kost á að fræðast um mismunandi trúarbrögð, einkum þau sem eru iðkuð í landinu af hinum ýmsu hópum innflytjenda. Hins vegar ætti að bjóða upp á valkosti sem lúta skýrum reglum fyrir nemendur sem ekki vilja sækja trúarbragðakennslu þar sem höfuðáhersla er lögð á ríkistrúna.

10. Fjölmennningarleg fræðsla og aðgerðir gegn fordómum og misrétti í skólum

Hvernig má stuðla að markvissri, fjölmennningarlegri fræðslu ásamt fræðslu og aðgerðum gegn fordómum, misrétti og aðlögun innflytjenda og þeirra sem fyrir eru að breyttu samfélagi og hvor öðrum á öllum skólastigum og auka skilning nemenda á því hvað felst í gagnkvæmri aðlögun, þ.e. að hún sé tvíhliða ferli? Hver ættu helstu áhersluatriðin í slíkri fræðslu að vera?

Í þriðju skýrslu sinni ráðlagði ECRI (Evrópunefnd gegn kynþáttafordómum og umburðarleysi) íslenskum stjórnvöldum að efla mannréttindafræðslu í skólum með sérstaka áherslu á jafnrétti og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífsins. Lagt var til að námskráin endurspegladi mikilvægi mannréttinda með skýrum og fullnægjandi hætti og að stjórnvöld íhuguðu þann möguleika að gera mannréttindi að skyldufagi á grunn- og framhaldsskólastigi. ECRI ráðlagði stjórnvöldum einnig að leggja meira af mörkum til að tryggja að fjölmennningarleg fræðsla verði innleidd með skilvirkum hætti í námsstefnu allra skóla.

Íslenskt samfélag hefur tekið miklum breytingum á undanförunum áratugum. Meðal þeirra breytinga sem hvað mest eru áberandi er hversu margir innflytjendur hafa sest hér að og að samfélagið er víða orðið fjölmennningarlegt. Það má velta því fyrir sér hvort nægilega sé tekið á þessum málum almennt í skólakerfinu, allt frá leikskóla til símenntunar og hvort nemendur geri sér grein fyrir ástæðum þess að Ísland eins og önnur Evrópulönd er orðið fjölmenningsarsamfélag, og að sú breyting sé komin til að vera.

Víða hefur verið staðið að fræðslu gegn fordómum og fræðslu í skólum um fjölmenningsarsamfélagið. Spyrja má hvort sú fræðsla sé nægilega markviss og samhæfð. Jafnréttisstofa hefur boðið upp á ýmis konar námskeið, einstök sveitarfélög hafa staðið að fræðslu og þróunarverkefni verið unnin víða um land. Í þessari málstofu eru þátttakendur beðnir að setja fram hugmyndir um aðgerðir eða samhæfingu á þessu sviði sem gætu nýst öllum skólastigum og öllum nemendum, ekki síst íslenskum nemendum.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið gaf út aðalnámskrá sem endurspegladi markmið laga um grunnskóla frá 2008 og leiðbeiningar um hvernig ætti að hrinda þeim í framkvæmd. Árið 2011 voru síðan nýjar aðalnámskrár leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla gefnar út. Þær byggja á sex grunnþáttum og snýr einn þeirra að lýðræði og mannréttindum og annar að jafnrétti. Ekki er vikið að fjölmennningarlegri fræðslu í lögnum eða aðalnámskránni, en í þeirri síðarnefndu er þó lögð áhersla á siðferðislega vitund, félagslegan skilning og að nemendur geri sér grein fyrir borgaralegri ábyrgð sinni og skyldum. ECRI telur að fjölbreytni sé mikilvægur þáttur í góðri menntun og að nauðsynlegt sé að skólar viðurkenni og virði fjölmennningarlegan veruleika þjóðarinnar.

11. Foreldrasamstarf, túlkajónusta og upplýsingagjöf

Hvernig er æskilegast að vinna að samstarfi heimila og skóla, túlkajónustu og upplýsingagjöf í leik- og grunn- og framhaldsskólum? Stjórnvöld bera ábyrgð á því að upplýsingar berist til foreldra á því tungumáli sem þeir geta nýtt sér. Hvernig er brýnast að þau bregðist við bæði á vettvangi ríkis og sveitarstjórna til að uppfylla þessa skyldu sína?

Margir skólar velta fyrir sér hvaða aðferðum eigi að beita til að styrkja samstarf foreldra og skóla þegar í hlut eiga foreldrar sem ekki tala íslensku. Þá óska bæði skólar og foreldrar eftir því að upplýsingar um ýmislegt er viðkemur starfi skólans sé þýtt á tungumál foreldra auk þess sem aðgangur að túlkajónustu fyrir foreldra ætti að vera auðsóttur til þess að ýta undir jákvætt og gagnkvæmt samstarf heimila og skóla. Til viðbótar heyrast oft raddir þeirra sem telja þekkingu foreldra af erlendum uppruna á íslenskum aðferðum í menntun og uppeldi barna ábótavant.

Í 9. gr. laga um leikskóla segir að foreldrar leikskólabarna skuli gæta hagsmuna barna sinna, hafa náð samráð við starfsfólk leikskóla, fylgjast með skólagöngu barna sinna og veita þær upplýsingar sem kunna að skipta máli fyrir skólastarfið og velferð barna. Foreldrar skulu jafnframt eiga rétt á upplýsingum um skólastarfið og stöðu barna sinna.

Í 18. gr. laga um grunnskóla segir að foreldrar skuli hafa samráð við skólann um skólagöngu barna sinna, fylgjast með og styðja við skólagöngu þeirra og námsframvindu og stuðla að því að börnin mæti úthvöld í skólann og fylgi skólareglum. Þeir skulu fá tækifæri til að taka þátt í námi barnsins, svo og í skólastarfinu almennt. Eigi í hlut foreldrar sem ekki tala íslensku eða nota táknmál skal leik- og grunnskóli leitast við að tryggja túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla samkvæmt þessari grein.

Í reglugerð nr. 654/2009 v/ framhaldsskóla segir í 3. grein: Framhaldsskólar skulu setja sér móttökuáætlun fyrir nemendum með annað móðurmál en íslensku. Áætlunin skal taka mið af bakgrunni þeirra, tungumálafærni, færni á öðrum námssviðum og af þeirri kennslu og stuðningi sem veitt er.

Í móttökuáætlun felst m.a. að:

Í upplýsingagjöf til nemenda og foreldra sé gerð grein fyrir helstu starfsháttum skóla, þjónustu, samstarfi og reglum,

Tryggja að upplýsingar um annan stuðning séu fyrir hendi, s.s. um heimanám og aðra aðstoð, túlkajónustu, samstarf við heimilin, foreldraviðtöl og -fundi, þjónustu í hverfi og nærsamfélagi og samstarf við stofnanir utan skóla,

Tryggja upplýsingagjöf til nemenda og foreldra um starfsemi skólans utan lögbundinnar kennslu, s.s. um félags- og tómstundastarf og íþrótt- og æskulýðsstarf. Gera skal grein fyrir móttökuáætlun í skólanámskrá.

Móttökuáætlun skal vera aðgengileg nemendum og foreldrum, t.d. á vef skóla.

12. Lýðræði og jafnrétti í skólastarfi, skóli margbreytileikans

Hvernig er talið rétt að vinna með lýðræði og jafnrétti í skólastarfinu í skóla margbreytileikans? Hver er ábyrgð stjórnvalda og hvernig er brýnast að þau bregðist við?

Í aðalnámskrá leikskóla segir að lýðræðislegt leikskólastarf byggist á jafnrétti, fjölbreytileika, samábyrgð, samstöðu og viðurkenningu fyrir ólíkum sjónarmiðum. Þar eiga börn að finna að þau eru hluti af hópi og samfélagi þar sem réttlæti og virðing einkenna samskipti. Litið er á börn sem virka borgara og þátttakendur þar sem hver og einn fær tækifæri til að leggja sitt af mörkum til að hafa áhrif á umhverfi sitt. Leikskóla ber að stuðla að jafnrétti og virkri þátttöku barna í samfélaginu með því að skapa þeim tækifæri til að upplifa lýðræðisleg vinnubrögð og samskipti í daglegu starfi. Þá segir að lýðræðisleg vinnubrögð skuli vera hluti af leik barna, samþætt daglegu starfi leikskóla, byggjast á reynslu barna, áhuga og hugmyndum.

Í aðalnámskrá grunnskóla segir: Í lýðræði taka einstaklingar afstöðu til siðferðilegra álitamála og virkan þátt í mótun samfélagsins. Í lýðræðisríki þurfa borgararnir að búa við mannréttindi og ráða öllum meiriháttar málum sínum sameiginlega. Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif nær og fjær. Virðing fyrir manngildi og heilbrigði barna og ungmenna felur bæði í sér virðingu fyrir mannréttindum þeirra og viðurkenningu á hæfileikum þeirra og þroskamöguleikum.

Margir velta því fyrir sér hvernig hægt er að iðka lýðræðisleg vinnubrögð, efla þátttöku þeirra nemenda sem ekki tala eða skilja íslensku í skólastarfinu og fá raddir þeirra til að hljóma. Sumir velta því fyrir sér hvort eðlilegt sé að börn sem ekki tala íslensku fari í hvaða skóla sem er og hvort rétt sé að þau fari strax inn í nemendahópinn eða bíði með það þar til þar til ákveðinni íslenskukunnáttu er náð. Þá heyrast oft raddir þeirra sem telja að setja eigi þak á þann fjölda barna af erlendum uppruna sem sótt geti einn skóla. Einnig hafa heyrst gagnrýnisraddir þeirra sem telja óæskilegt að saman séu stórir hópar barna sem tali sama móðurmál og að þegar hópur barna af erlendum uppruna sé orðin mjög stór þá komi það niður á tækifærum „íslensku“ barnanna í námi.

Í 30. gr. Barnasáttmálans er kveðið á um mikilvægi þess að standa vörð um menningu og tungu barna sem tilheyra minnihlutahópum og er samhljóma aðalnámskrá leikskóla sem kveður á um að bera skuli virðingu fyrir ólíkri menningu og tungu leikskólabarna og byggja á mannréttindum og jafnrétti í hvívetna.

Í viðhorfskönnun til íslenskra kennara þar sem spurt var um viðhorf til kennslu barna með annað móðurmál en íslensku kom fram að 63% aðspurðra töldu nám þessara barna vera hluta af sérkennslu en ekki almennri kennslu. Þá er athyglisvert að skoða hlutfall barna af erlendum uppruna með greiningar en svo virðist sem það sé mjög hátt a.m.k. í Reykjavík þar sem þetta hefur verið skoðað undanfarin ár. Á meðan hlutfall barna af erlendum uppruna í leikskólum Reykjavíkurborgar eru rúm 18% þá eru börn af erlendum uppruna sem greind eru með þroskaseinkun 27% af heildinni og börn með málþroskafrávik 46% af heildinni.

13. Fagmennska stjórnenda og starfsfólks skóla

Hvernig teljið þið rétt að efla og auka fræðslu og ráðgjöf til stjórnenda og starfsmanna skóla um fjölmennningarlegt skólastarf? Hver er ábyrgð stjórnvalda og hvernig er brynast að þau bregðist við?

Margir velta því fyrir sér hverjir beri ábyrgð á því innan skóla að unnið sé með fjölmennningarlega fræðslu bæði í nemendahópnum og meðal starfsfólks. Líklega er ekki hægt að velkjast í vafa um það að sú ábyrgð er sannarlega í höndum stjórnenda en þá vaknar oft spurningin um það hvar þeir og aðrir starfsmenn skóla geta leitað eftir fræðslu og ráðgjöf varðandi fjölmennningarlegt skólastarf og að hverjum það eigi að beinast. Þá má spyrja að því hvernig hægt sé að vinna með fjölmennningarlega fræðslu í starfsmannahópum sem hafa lítinn áhuga á að vinna með þann þátt þrátt fyrir að þurfa að vinna með fjölbreytta nemenda og foreldrahópa.

Aðalnámskrá leik- grunn- og framhaldsskóla byggir á sex grunnþáttum og snýr einn þeirra að lýðræði og mannréttindum og annar að jafnrétti. Ekki er vikið að fjölmennningarlegri fræðslu í lögunum eða aðalnámskránni, en í þeirri síðarnefndu er þó lögð áhersla á siðferðislega vitund, félagslegan skilning og að nemendur geri sér grein fyrir borgaralegri ábyrgð sinni og skyldum.

ECRI (Evrópunefnd gegn kynþáttafordómum og umburðarleysi) telur að fjölbreytni sé mikilvægur þáttur í góðri menntun og að nauðsynlegt sé að skólar viðurkenni og virði fjölmennningarlegan veruleika þjóðarinnar. ECRI mælir með því að stjórnvöld geri ráðstafanir til að tryggja að fjölmennningarleg fræðsla verði innleidd í stefnu allra skóla.

Í þriðju skýrslu sinni ráðlagði ECRI íslenskum stjórnvöldum að leggja sérstaka áherslu á þjálfun kennara sem lið í þeirri viðleitni að bæta mannréttinda- og fjölmennningarfræðslu í skólum. ECRI hvetur íslensk stjórnvöld til að vinna náið með háskólum til að tryggja fullnægjandi fræðslu á sviði fjölmennningar og fjölbreytni.

14. Framhaldsnám stundað samtímis í fleiri en einum framhaldsskóla

Hvaða raunhæfar leiðir eru færar til að fjölga möguleikum nemenda af erlendum uppruna til að stunda samtímis nám í fleiri en einum framhaldsskóla?

Fram hafa komið ábendingar um að bæta þarf möguleika nemenda af erlendum uppruna til að taka einstaka áfanga í öðrum framhaldsskólum án þess að um mikinn aukakostnað sé að ræða. Þetta eigi vissulega við um fleiri nemendur en þá sem eru af erlendum uppruna. Þetta er þó talið sérstaklega mikilvægt fyrir þennan hóp sem hefur oft úr mun færri áföngum að velja innan tiltekins framhaldsskóla vegna takmarkaðar kunnáttu í íslensku og einnig eru stundum ekki grunnáfangar í íslensku í boði vegna fámennis. Áfangarnir í íslensku fyrir nemendur sem ekki hafa íslensku að móðurmáli þyrftu alltaf að vera í boði innan framhaldsskólastigsins og ef nemendur eru of fáir í einum skóla þá þyrfti að vera samstarf milli skóla. Þetta gæti einnig átt við um móðurmálskennslu sem óraunhæft sé að hafa í boði í öllum framhaldsskólum fyrir fjölda tungumála o.s.frv. Í þessu sambandi er sérstaklega óskað eftir hugmyndum þar sem upplýsinga- og samskiptatækni er nýtt eða netskólar

15. Kennsluráðgjöf við leik-, grunn- og framhaldsskóla

Hvernig er æskilegast í ljósi menntastefnu um heildstæða menntun frá leikskóla til loka framhaldsskóla að skipuleggja kennsluráðgjöf á þessum skólastigum vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku? Hvernig er hægt að tryggja sem best samfellu í slíkri þjónustu? Hver er ábyrgð stjórnvalda og hvernig er brýnast að þau bregðist við bæði á vettvangi ríkis og sveitarstjórnarmála?

Á undanförunum árum hefur nemendum af erlendum uppruna fjölgað umtalsvert í skólakerfinu á öllum skólastigum um land allt. Við flutning grunnskólans til sveitarfélaga var stofnað til kennsluráðgjafa á þessu sviði vegna grunnskóla með aðkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Starfandi er einn kennsluráðgjafi vegna grunnskóla með aðsetur í Reykjavík sem einnig sinnir landsbyggðinni. Í Reykjavík hefur í nokkur ár verið starfandi verkefnisstjóri vegna barna á leikskólum annað móðurmál en íslensku og kennsluráðgjafi í Breiðholti með sérþekkingu á fjölmenningu. Á framhaldsskólastigi er engin sérstök kennsluráðgjöf á þessu sviði eða stuðningur við framhaldsskóla, en fyrir nokkrum árum var starfandi verkefnisstjóri í mennta- og menningarmálaráðuneytinu sem sinnti þessu málaflokki. Einnig er starfandi fagfélaga kennara í íslensku sem öðru tungumáli og samtökin Móðurmál þar sem kennarar geta fengið einhvern stuðning. Eins geta skólar og sveitarfélög fengið sjálfsætt starfandi sérfræðinga til ráðgjafar eða starfsfólk úr háskólasamfélaginu. Auk þess er hægt að fá upplýsingar frá ýmsum aðilum, t.d. á vegum Fjölmenningsseturs á Ísafirði, mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar og á vegum félagasamtaka.

Þó má fullyrða að engin samhæfð kennsluráðgjöf standi skólum til boða á sviði menntunar og aðlögunar nemenda með annað móðurmál en íslensku.

Áhugavert er að fá umræðu um hvað er talið mikilvægast til þess að styrkja kennsluráðgjöf á þessu sviði og hvernig hægt sé að auka samstarf milli skólastiga hvað varðar starfsþróun og endurmenntun.

16. Námsráðgjöf í grunnskólum, sérstaklega vegna framhaldsskólanáms og innritunar í framhaldsskóla

Hvernig er hægt að tryggja sem best tilfærslu nemenda með annað móðurmál en íslensku milli grunn- og framhaldsskóla? Hvernig ætti að skipuleggja námsráðgjöf og innritun þessara nemenda? Hver er ábyrgð stjórnvalda og hvernig er brýnast að þau bregðist við bæði á vettvangi ríkis og sveitarstjórnarmála?

Það er talið mikilvægt að allir nemendur í tíunda bekk grunnskóla og fjölskyldur þeirra fái markvissa ráðgjöf og upplýsingar um hvernig kerfið er og hvaða möguleikar eru í boði fyrir tiltekinn einstakling hvað varðar framhaldsskólamenntun. Góðir bæklingar eru taldir mikið framfaraskref en ekki nóg og mikilvægt er talið að námsráðgjöf sé með skipulögðum hætti til allra nemenda, helst á öllu unglingastiginu.

Skoða þarf sérstaklega ástæður þess að mun færri nemendur af erlendum uppruna innritast í framhaldsskóla en íslenskir nemendur. Allstór hluti nemenda af erlendum uppruna sækir ekki um inngöngu í framhaldsskóla og brottfall er jafnframt mun algengara í þeim hópi en almennt gerist. Ástæðurnar eru eflaust margþættar en ein ástæðan er örugglega skortur á markvissri námsráðgjöf og stuðningi við nemendur og fjölskyldur þeirra vegna innritunar í framhaldsskóla.

Í einhverjum tilfellum virðist vera að nemendur fái ekki inngöngu í framhaldsskóla af því að þeir hafa ekki tekið dönsku í grunnskóla en samkvæmt lögum mega nemendur með annað móðurmál en íslensku sleppa dönsku og taka móðurmál í staðinn.

Unglingar sem eru að ljúka grunnskólanum eða flytjast til landsins þegar grunnskólagöngu þeirra ætti að vera lokið þurfa markvissa námsráðgjöf ásamt foreldrum sínum, aðstoð við að fá móðurmálsskunnáttu metna o.s.frv.

17. Fræðsluskylda til 18 ára aldurs – námsframboð í framhaldsskólum

Hvaða leiðir eru raunhæfar til að útfæra fræðsluskyldu í framhaldsskólum til 18 ára aldurs á þann hátt að allir nemendur með annað móðurmál innriti sig í framhaldsskóla og fái þar nám við hæfi a.m.k. til 18 ára aldurs. Hver er ábyrgð stjórnvalda í þessum efnum og einstakra framhaldsskóla? Hvernig geta framhaldsskólar unnið saman að þessu verkefni?

Í 32. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 er kveðið á um rétt ólögráða ungmenna til náms í framhaldsskóla. Fræðsluskyldan hefur í för með sér breytingar á skyldum framhaldsskóla. Lögfestur er réttur allra ólögráða umsækjenda til náms í framhaldsskólum.

Fræðsluskyldan er ekki útfærð sérstaklega í lögum um framhaldsskóla, en í 3. mgr. 32. gr. laganna er kveðið á um heimild ráðherra til að setja í reglugerð nánari fyrirmæli og ákvæði um innritun nemenda. Á grundvelli ákvæðisins var sett reglugerð nr. 1150/2008 um innritun nemenda í framhaldsskóla.

Haustið 2010 hófu 4.368 nemendur nám í framhaldsskólum landsins og af þeim voru 152 innflytjendur, 89 voru fæddir erlendis og átta annað foreldri erlent, 12 töldust til annarrar kynslóðar innflytjenda og 205 voru fæddir á Íslandi en átta annað foreldrið erlent. Af börnum sem engan erlendan bakgrunn hófu 96% þeirra nám 2010 en einungis 80% barna innflytjenda. Um 69% innflytjenda á sextánda ári skráðu sig í framhaldsskóla árið 2007, 71% árið á eftir, 77% árið 2009 og 80% árið 2010. Við 18 ára aldur stundar einungis um 60% innflytjenda nám í framhaldsskóla og brottfall er því mikið úr þessum hópi þrátt fyrir ákvæði um fræðsluskyldu í lögum.

Ítrekað hafa erlendir eftirlitsaðilar gert athugasemdir við mikið brottfall innflytjenda úr framhaldsskólum og óskað eftir aðgerðum stjórnvalda til úrbóta. Má þar m.a. nefna athugasemdir frá barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna vegna úttektar þeirra á framkvæmd Barnasáttmálans og einnig tillögur frá ECRI (Evrópunefnd gegn kynþáttafordómum og umburðarleysi).

18. Menntun atvinnulausra innflytjenda

Hvaða leiðir á sviði menntunar og starfsþjálfunar eru raunhæfar til að auka möguleika innflytjenda til atvinnuþátttöku hér á landi? Hvernig ætti að hrinda slíkum aðgerðum í framkvæmd og hver er ábyrgð stjórnvalda og vinnumarkaðarins á þessu sviði?

Atvinnuleysi er hátt meðal innflytjenda, mest meðal þeirra sem hafa enga formlega menntun umfram grunnskólapróf. Atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara er mun hærra en almennt gerist á vinnumarkaði. Helstu hindranir sem hafa verið greindar tengjast m.a. tungumálakunnáttu, skorti á tengslaneti, skorti á tölvufærni, vanþekkingu á vinnumarkaði og að menntun þeirra er ekki þekkt eða ekki metin.

Vorið 2011 var gerður samningur milli stjórnvalda, framhaldsskóla og háskóla um átakið „Nám er vinnandi vegur“. Markmið átaksins var að tryggja öllum umsækjendum nám í framhaldsskóla að 25 ára aldri og einnig að skapa ný námstækifæri fyrir allt að 1.000 atvinnuleitendur haustið 2011 og næstu tvö skólaár þar á eftir. Framundan er að setja í forgang verkefni sem snúa að atvinnulausum innflytjendum

19. Staða og flokkun kennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku í menntakerfinu

Með hvaða hætti er æskilegast að flokka kennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku og viðeigandi stuðning í skólastarfi á öllum skólastigum?

Kennsla í íslensku sem öðru tungumáli er tiltölulega nýtt viðfangsefni í íslensku menntakerfi, var fyrst skilgreint í aðalnámskrá grunn- og framhaldsskóla 1999. Frá þeim tíma hefur verið unnið að margvíslegum þróunarverkefnum á öllum skólastigum og byggt hefur verið upp nám við nokkra framhaldsskóla og nám fyrir kennaranema skipulagt við HÍ. Íslenska sem annað tungumál hefur verið flokkuð í aðalnámskrá sem hluti af íslenskunámi og innan námssviðsins íslensku.

Í könnun sem gerð var meðal grunnskóla fyrir nokkrum árum kom fram að víða er kennsla í íslensku sem öðru tungumáli og stuðningur við nemendur af erlendum uppruna flokkuð sem sérkennsla og jafnvel skipulögð í samræmi við það. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands þá flokkast allur stuðningur sem veittur er nemendum af erlendum uppruna í grunnskólum til sérkennslu og teljast því til nemenda með sérþarfir samkvæmt gögnum Hagstofunnar.

Einnig hefur borið á því að undir fjölmenningshugtakinu séu fléttuð saman annars vegar nám og kennsla nemenda sem læra íslensku sem annað tungumál og hins vegar fatlaðra nemenda. Sem dæmi má nefna Fjölmenningsarkóla Tækniskólans og áfanga sem kenndur hefur verið hjá Menntavísindasviði HÍ (Skóli margbreytileikans). Spyrja má hvort það sé eðlileg flokkun. Í Fjölbrotarskólanum í Breiðholti hefur nýlega verið stofnuð innflytjendabraut og telst hún til annars náms við skólann, með sama hætti og starfsbraut fyrir fatlaða.

Ýmsar athugasemdir hafa verið gerðar við þessa flokkun. Fram hafa komið ábendingar að flokka eigi kennslu í íslensku sem öðru tungumáli með erlendum tungumálum, eigi meira sameiginlegt með þeim en íslensku sem móðurmál. Einnig hafa verið gerðar athugasemdir við að kennslan sé flokkuð sem sérkennsla. Þá er athyglisvert að skoða hlutfall barna af erlendum uppruna með greiningar en svo virðist sem það sé mjög hátt a.m.k. í Reykjavík þar sem þetta hefur verið skoðað undanfarin ár. Á meðan hlutfall barna af erlendum uppruna í leikskólum Reykjavíkurborgar eru rúm 18% þá eru börn af erlendum uppruna sem greind eru með þroskaseinkun 27% af heildinni og börn með málþroskafrávik 46% af heildinni.

Áhugavert er að fá umræðu um með hvaða hætti æskilegast væri að fjalla um nám og stuðning við nemendur með annað móðurmál á öllum skólastigum.

20. Íslenskupróf vegna ríkisborgararéttar, mismunandi möguleikar miðað við uppruna, skyldleika tungumála við íslensku og undirbúning

Er í ljósi reynslunnar þörf á að breyta fyrirkomulagi vegna íslenskuprófs vegna ríkisborgararéttar, m.a. í ljósi þess að um 10% stenst ekki kröfurnar sem gerðar eru. Hvers konar breytingar eru æskilegar, m.a. varðandi undirbúning fyrir prófin, kröfur og framkvæmd?

Nú er komin nokkurra ára reynsla á prófin en framkvæmd þeirra er á vegum Námsmatsstofnunar. Meirihluti þeirra sem gangast undir prófið stenst það eða um 90%. Af þeim 10% sem ekki standast prófið eru margir einstaklingar sem ekki hafa germönsk mál að móðurmáli, og þá sérstaklega einstaklingar sem koma frá suðaustur Asíu. Jafnframt er ljóst að það eru einkum einstaklingar sem hafa litla og jafnvel enga formlega menntun og eru jafnvel ólæsir á móðurmáli sínu sem eiga erfitt með að standast prófið.

Þar sem ekki öllum innflytjendum stendur til boða námskeið í íslensku sem fellur að þeirra kunnáttustigi valda prófin margfaldri mismunun. Móðurmál og uppruni, menntun, búseta og jafnvel kyn getur haft áhrif á hverjir standast prófið og öðlast íslenskan ríkisborgararétt. Því er mikilvægt að stjórnvöld endurskoði kröfurnar, svo öllum verði gert mögulegt eins og kostur er að ná þeirri færni sem til er ætlast. Það verði gert með því að bjóða reglulega uppá á námskeið sem mætir getu þeirra til að læra nýtt tungumál.

Það þarf að endurskoða kröfur til þeirra sem koma hingað sem fullorðnir einstaklingar og hafa aldrei fengið neina formlega menntun í sínu heimalandi.

21. Fullorðinsfræðsla innflytjenda almennt

Hvaða aðgerðir eru mikilvægastar til að stuðla almennt að farsælli menntun og hæfni í íslensku meðal fullorðinna innflytjenda sem setjast að á Íslandi, m.a. í ljósi athugasemda og tillagna í norrænni rannsókn?

Í norrænni rannsókn sem þær Birna Arnbjörnsdóttir og Ingibjörg Hafstað unnu voru dregin upp einkenni sem fremur öðrum eru talin stuðla að farsælli menntun, betri málfærni og nýttast því betur innflytjendum. Í kjölfar hennar settu höfundar fram eftirfarandi athugasemdir og tillögur:

- efla þarf rannsóknir á árangri símenntunarleiða með tilliti til fjármagns og mannskaps sem til þeirra er varið
- viðurkenna þarf sameiginlega ábyrgð allra hagsmunaaðila á aðlögun innflytjenda og samfélagsins
- efla þarf samvinnu milli allra hagsmunaaðila um menntun og námsleiðir
- samræma þarf menntunarkröfur til kennara innflytjenda á Norðurlöndum
- styrkja þarf tengsl milli tungumálamarkmiða og starfstengdra markmiða
- gera þarf þarfagreiningu og móta markmið áður en námskeið hefjast
- sveigjanleiki þarf að vera varðandi þyngdarstig, skipulag og aðgengi
- auka þarf notkun tækni í tungumálakennslu fyrir innflytjendur
- semja þarf (samnorrænar?) reglur sem auðvelda mat á fyrra námi og starfsþekkingu
- auka þarf þátttöku mentora í menntun, því þeir auka persónuleg tengsl og eru brú milli menningarheima.

22. Menntun fullorðinna innflytjenda með takmarkaða menntun að baki, bæði almenn menntun og nám í íslensku

Hvaða námsframboð ætti að vera til staðar fyrir innflytjendur með takmarkaða menntun að baki? Hvaða rétt ætti fólk að hafa til grunnmenntunar almennt og hvert ætti vægi íslenskunáms að vera? Hvað með samfélagsfræðslu eða starfsþjálfun? Hver ætti ábyrgð og skyldur stjórnvalda að vera?

Eiga íslensk stjórnvöld að gera þeim einstaklingum sem hingað flytja með litla og jafnvel enga formlega menntun mögulegt að afla sér almennrar grunnmenntunar, þ.m.t. lestrarkennslu?

Í tillögum starfshóps sem skipaður var til að fjalla sérstaklega um stöðu ríkisborgara utan EES og EFTA hefur verið lagt til að fræðsla um réttindi og skyldur verði meðal grunnskilyrða leyfa, s.s. um réttindi launafólks, kvenna, barna og vistráðinna. Slík fræðsla gæti verið DVD-diskur sem útlendingi væri gert að horfa á þegar sótt er um dvalarleyfi hjá Útlendingastofnun. Fræðslan þarf einnig að ná til þeirra sem standa að innflytjandanum og þarf þá að vera í takt við forsendur leyfanna. Ef leyfið er vegna vinnu þurfa atvinnurekendur að fá fræðslu, ef fjölskylda er að fá leyfi til að vistráða einstakling þarf hún að fá fræðslu, það sama gildir um aðstandandaleyfi svo sem maka, foreldra o.s.frv.

Samfélagsfræði- hvað þarf fólk að vita um samfélagið og þá sérstaklega í þessu samhengi um menntakerfið og hver ber ábyrgð á því gagnvart nýjum íbúum landsins?

23. Símenntun fyrir kennara á öllum skólastigum vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku

Hvers konar símenntun ætti kennurum að standa til boða á öllum skólastigum vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku? Hvaða raunhæfar leiðir eru færar til úrbóta hér á landi? Hverjir eiga að standa að henni og hver er ábyrgð ríkis og sveitarfélaga á framboði símenntunar á þessu sviði?

Vorið 2008 samþykkti Alþingi ný lög um menntamál; lög um leikskóla (nr. 90/2008), lög um grunnskóla (nr. 91/2008), lög um framhaldsskóla (nr. 92/2008) og lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla (nr. 87/2008). Löggjöfin gerir ráð fyrir umtalsverðum breytingum á skólastarfi, ekki síst á starfsmenntun kennara.

Víða um lönd fer fram mikil umræða um stöðu kennarastéttarinnar, kennaramenntun og starfsþróun kennara. Sú umræða byggir yfirleitt á þeirri skoðun að kennarastéttin sé kjölfesta í menntakerfum þjóðanna og breytingar á skipan menntamála, umbætur í námsefni og aukin fjárútlát til skólamála skipti litlu ef kennarar hafi ekki faglegar forsendur til að takast á við breytingaferli og leiða umbæturnar. Í þessari umræðu kemur skýrt fram að þótt öflug grunnmenntun kennara sé mikilvæg skiptir enn meira máli að stuðla að markvissri faglegri starfsþróun kennara og starfstengdri símenntun. Í þeirri umræðu sem fram fer víðs vegar um heim, m.a. hjá Evrópusambandinu, kemur skýrt fram að ekki þarf síður að huga að símenntun og stuðningi við kennara í starfi en öfluga grunnmenntun kennarastéttarinnar.

Í skýrslu nefndar um símenntun frá 1998 (*Símenntun, afl á nýrri öld*) er símenntun skilgreind á eftirfarandi hátt: „*Símenntun er heildarheiti yfir alla þá menntun sem einstaklingar sækja alla ævina og vísar í það að menntun lýkur aldrei heldur er ferli sem varir alla ævina. [...]* Þar stendur einnig að stór þáttur í símenntun er hvers konar endurmenntun í styttra eða lengra námi, margs konar viðbótarmenntun og tómstundanám. Einstaklingar stunda símenntun, læra allt lífið, í skóla og á vinnumarkaðinum.

Það er vitað að Ísbrú, félag kennara sem kenna íslensku sem annað tungumál, sinna símenntunarþörfum kennara að einhverju leyti, en hverjir aðrir sinna slíkum þörfum fyrir símenntun á öllum skólastigum?

24. Grunnmenntun kennara vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku

Hvernig grunnmenntun ætti að vera í boði fyrir kennara vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku á öllum skólastigum? Ábyrgð kennaramenntunarstofnana og ábyrgð og skyldur stjórnvalda?

Vinsamlega ræðið bæði út frá hringborðsumræðum fyrr á þinginu um kennaramenntun, m.a. í ljósi eftirfarandi punkta.

- Hvernig ættu kennarar að geta undirbúið sig sem best í kennaranámi til að takast á við kennslu innflytjenda á öllum skólastigum?
- Hvar og hvernig ætti fræðsla um nám og kennslu innflytjenda að koma inn í grunnmenntun kennara, framhaldsnám og símenntun?
- Ætti fræðsla um nám og kennslu innflytjenda að vera fyrir alla kennara eða sértækan hóp þeirra? Hvaða þættir ættu að vera í námi allra kennara, þ.e. í kjarna kennaranáms?
- Hvernig ætti kennaramenntun þeirra sem annast fullorðinsfræðslu að vera?
- Hverjir ættu að kenna kennaranemum á háskólastigi að kenna íslensku sem annað tungumál. Eru það íslenskir móðurmálskennarar eða sérfræðingar í annarsmálsfræðum eða einhverjir aðrir?
- Hver ætti nálgunin að vera í menntun kennara til að undirbúa kennaranema sem best? Ætti hún að vera
- Íslenska sem annað mál?
- Fjölmennningarlegt skólastarf?
- Móðurmálskennsla innflytjenda og áhersla á tvítýngi?
- Sérkennsla?
- Skóli án aðgreiningar – skóli margbreytileikans – fjölmennningarlegur skóli

25. Sérfræðipjónusta fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku

Hvaða úrræða þurfa skólar að grípa til sérstaklega, þegar um er að ræða nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku og hafa að auki skilgreindar sérþarfir samkvæmt lögum og reglugerðum?

Í reglugerð nr. 585/2010 um nemendur með sérþarfir í grunnskólum og reglugerð nr. 230/2012 um nemendur með sérþarfir í framhaldsskólum segir að allir nemendur eigi rétt á kennslu og sérstökum stuðningi í námi í samræmi við metnar sérþarfir. Nemendur með sérþarfir eru skilgreindir þeir sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika og/eða fötlunar sbr. 2. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur, nemendur með þroskaröskun og geðraskanir og aðrir nemendur með heilsutengdar sérþarfir.

Í ofangreindri reglugerð nr. 585/2010 segir að grunnskólar skuli gera móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir. Þurfi nemandi á sérstökum stuðningi að halda skulu grunnskólar gera einstaklingsáætlun sem getur falið í sér breytingu á námsmarkmiðum aðalnámskrár grunnskóla. Einnig skulu grunnskólar, í samvinnu við foreldra, vinna að tilfærsluáætlun fyrir nemendur sem njóta úrræða innan grunnskóla eða í sérskólum. Skal sú vinna hefjast í 9. bekk og fylgja nemandanum þegar hann hefur nám í framhaldsskóla.

Í ofangreindri reglugerð nr. 230/2012 segir að vinna skuli tilfærsluáætlun fyrir nemendur með fötlun sem stunda nám á starfsbrautum fyrir fatlaða, í samvinnu við foreldra. Skulu þeir vinna að áætluninni á meðan á námi stendur og skal hún fylgja nemanda þegar hann færir á næsta stig, s.s. í frekara nám eða í atvinnu.

Í reglugerð nr. 654/2009 um rétt nemenda í framhaldsskólum til kennslu í íslensku segir að nemendur með annað móðurmál en íslensku, ..., eigi rétt til kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Í því felst að þjálfa nemendur í íslensku og til að taka virkan þátt í íslenskri menningu, menningarfærni, viðhaldi læsis og þekkingu í öllum námsgreinum. Framhaldsskólar skulu gera móttökuáætlun fyrir þessa nemendur þar sem m.a. er gert ráð fyrir einstaklingsnámskrá sem tekur mið af bakgrunni og málavæði nemenda, tungumálafærni, kunnáttu og hæfni á öðrum námssviðum.

26. Þátttaka ríkisins og atvinnurekenda í kostnaði við íslenskukennslu fullorðinna

Hvernig er hægt að tryggja jafna stöðu og jafnt aðgengi fullorðinna innflytjenda að menntun í íslensku? Hvernig þarf að mæta jaðarhópum, s.s. þeirra sem eru félagslega einangraðir? Hvaða aðgerðir eru raunhæfar til að tryggja gjaldfrjálst grunnnám í íslensku? Hver er ábyrgð stjórnvalda annars vegar og atvinnurekenda hins vegar?

Á undanförunum árum hafa stjórnvöld varið umtalsverðu fjármagni til íslenskukennslu fyrir fullorðna innflytjendur og hefur ásókn í íslenskunám verið mikil. Það var fyrst 2006 sem gert var sérstakt átak á þessu sviði með umtalsverðu fjármagni sem fór vaxandi fram að hruninu 2008. Eftir það hafa framlög til þessarar kennslu verið skorin verulega niður en umtalsverðum fjármunum er samt varið til að styrkja námskeið. Mennta- og menningarmálaráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um styrki til námskeiða í íslensku sem ekki eru hluti af almennu námi á grunn- eða framhaldsskólastigi. Markmiðið með styrkjunum er að gefa öllum sem búsettir eru á Íslandi færi á að öðlast þá færni í íslensku að þeir geti orðið virkir samfélagsþegnar. Fræðsluaðilar og fyrirtæki sem bjóða starfsmönnum sínum upp á skipulagða kennslu í íslensku og eru á fyrirtækjaskrá geta sótt um styrki.

Kennslan hefur verið margs konar, ýmist úti á vinnustöðum eða á hefðbundnum námskeiðum fyrir einstaklinga og hafa námskeiðin verið haldin um land allt.

Ráðuneytið hefur átt samráð við fulltrúa allra skólastiga, atvinnurekendur, verkalýðshreyfinguna og símenntunarmiðstöðvar um land allt og með útgáfu námskrá skilgreint ákveðin grunnmarkmið íslenskunáms fyrir innflytjendur.

Með framlagi ríkisins og einnig atvinnurekenda hefur verið hægt að niðurgreiða námskeið en ekki hefur náðst að tryggja að allir innflytjendur njóti gjaldfrjálsrar íslenskukennslu í samræmi við þau grunnmarkmið sem sett hafa verið í námskrá. Með gjaldfrjálsum grunnnámi í íslensku yrði öllum tryggð jöfn staða og jafnt aðgengi að þessari menntun sem skiptir ekki aðeins innflytjendur máli heldur einnig allt íslenskt samfélag.

27. Íslenska fyrir útlendinga á fullorðinsaldri- námskrár í grunnnámi og framhaldsnámi

Hvaða álitamál eru helst uppi vegna námskráa í íslensku fyrir útlendinga? Hvaða aðgerðir eru brýnastar til úrbóta til að námskráin komist sem best til framkvæmda? Ef gera þarf breytingar á námskránum, í hverju ættu þær helst að felast?

Menntamálaráðuneytið gaf fyrir nokkrum árum út námskrár í íslensku fyrir útlendinga og er þeim ætlað að leiðbeina um kennslu fyrir útlendinga á fullorðinsaldri og skiptast þær í grunnám og framhaldsnám. Við gerð námskrána var viðmiðunarrámi Evrópuráðsins fyrir erlend tungumál (Common European Framework of Reference for Languages) hafður til hliðsjónar. Samkvæmt námskránni er með kennslunni stefnt að því að nemendur verði sem best í stakk búnir að taka virkan þátt í íslensku, lýðræðislegu þjóðfélagi. Því er lögð áhersla á að námsþættirnir snerti persónulega færni, félagslega færni og starfsfærni eftir því sem framast er unnt.

Námskránum er einnig ætlað að stuðla að samræmingu við kennslu og mat á íslenskunámi fyrir útlendinga. Með samræmingu fæst frekari samfella í námsferlinu og gert er ráð fyrir að sömu kröfur séu alls staðar gerðar til námsins. Námsmat á einnig að vera sambærilegt og lagt er til að það taki mið af viðmiðunarstöðlum Evrópuráðsins. Námskrárnar eru sveigjanlegar og styðja við annað nám, s.s. starfstengt nám á vinnustað. Framhaldsnámskráin gerir ráð fyrir að nemendur hafi náð lokamarkmiðum fyrri námskrár. Námskráin í grunnnámi miðast við 240 stundir en framhaldsnámskráin við 300 stundir.

Ýmsir fræðsluaðilar hafa fengið styrki til að kenna námskeið fyrir innflytjendur með vísan í þessar námskrár og komin er nokkur reynsla á því hvernig þær hafa reynst. Mikilvægt er að fá mat þeirra sem til þekkja hvaða álitamál eru helst uppi vegna framkvæmdar á námskránni og hvaða aðgerðir eru brýnastar til úrbóta.

28. Mat á prófgráðum og starfsreynslu til starfsréttinda og starfa

Hvernig er hægt að tryggja sem best að innflytjendur, bæði innan og utan Evrópska efnahagssvæðisins, fái viðurkenndar prófgráður til starfsréttinda og starfa hér á landi? Til hvaða aðgerða þyrfti helst að grípa til úrbóta? Er almenn vitneskja um rétt þegna EES-ríkja á viðurkenningu á faglegri menntun einstaklinga? Er viðurkenningarferlið sanngjarnt og sveigjanlegt?

Í Lissabonsamningnum frá 1997 um viðurkenningu á menntun við hæfi kemur m.a. fram að álitid sé að mjög fjölbreytt menntakerfi á Evrópusvæðinu endurspegli fjölbreytni í menntamálum, félagsmálum, stjórnámum, heimspeki, trúmálum og efnahagsmálum á svæðinu, sem sé einstakur ávinningur sem eigi að meta að verðleikum. Einnig kemur fram að fólki hvaðanæva af svæðinu ætti að gera kleift að njóta til fulls þessarar ríkulegu fjölbreytni með því að greiða fyrir aðgangi íbúa sérhvers ríkis og nemenda í menntastofnunum samningsaðila að menntunarmöguleikum hjá öðrum samningsaðilum, einkum með því að auðvelda þeim að halda áfram að menntast eða ljúka námsþáttum í æðri menntastofnunum í löndum þessara samningsaðila. Einnig er álitid að viðurkenning á námi, vottorðum, prófskírteinum og prófgráðum frá öðru landi á Evrópusvæðinu sé mikilvæg til að stuðla að hreyfanleika háskólastúdenta milli landa samningsaðila.

Ísland er skuldbundið samkvæmt EES-samningi að viðurkenna faglega menntun einstaklinga frá öðrum EES-ríkjum. Tilskipun 2005/36/EB var innleidd með lögum nr. 26/2012 og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Ef um er að ræða mat á námi innflytjenda sem getur leitt til starfsréttinda kemur það í hlut viðkomandi fagráðuneytis, eða aðila sem ráðuneyti hefur framselt slík verkefni til, að meta menntun frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Hér á landi er viðurkenning á prófgráðum á háskólastigi, eða svokölluð akademísk viðurkenning, vegna menntunar frá löndum utan EES svæðisins í höndum viðkomandi háskóla. Háskólar hafa samkvæmt hefð sjálfðæmi um það hvernig þeir meta nám erlendis frá þegar um akademíska viðurkenningu er að ræða.

29. Hlutverk Fjölmenningsseturs í menntun innflytjenda

Með hvaða hætti er æskilegt að efla starfsemi Fjölmenningsseturs í tengslum við menntun innflytjenda á öllum skólastigum og í framhalds – og fullorðinsfræðslu? Hvernig gæti Fjölmenningssetur sinnt hlutverki sínu sem best fyrir allt landið? Hvaða atriði ættu að vera í forgangi á því sviði á næstu árum?

Fjölmenningssetur er rekið á vegum stjórnvalda og hefur aðsetur á Ísafirði en þjónustar allt landi og hefur það hlutverk að greiða fyrir samskiptum fólks af ólíkum uppruna og efla þjónustu við innflytjendur sem búsettir eru á Íslandi.

Verkefni Fjölmenningsseturs eru meðal annars að:

- veita stjórnvöldum, stofnunum, fyrirtækjum, félögum og einstaklingum ráðgjöf og upplýsingar í tengslum við málefni innflytjenda,
- miðla upplýsingum til innflytjenda um réttindi þeirra og skyldur,
- fylgjast með þróun innflytjendamála í þjóðfélaginu, meðal annars með upplýsingaöflun, rannsóknum, greiningu og upplýsingamiðlun,
- koma á framfæri við ráðherra, innflytjendaráð og önnur stjórnvöld ábendingum og tillögum um aðgerðir sem hafa það að markmiði að allir einstaklingar geti verið virkir þátttakendur í samfélaginu óháð þjóðerni og uppruna.

Hjá Fjölmenningssetri er hægt að leita eftir upplýsingum á ýmsum tungumálum um margt er varðar daglegt líf á Íslandi, stjórnsýsluna og leita eftir aðstoð varðandi flutning til og frá Íslandi. Fjölmenningssetur starfrækir öfluga upplýsingavefsíðu á 7 tungumálum og upplýsingasíma á pólsku, serbnesku/króatísku, taílensku, spænsku, litháísku og rússnesku.

Aðrir aðilar sinna verkefnum tengdum móttöku og menntun innflytjenda. Þarf að kortleggja þessa þjónustu og gera tillögur á þeim grunni? Skoða betur.